

Mánudaginn 19.03.2012 kl 12:00 var haldinn 3. fundur starfshóps sem sveitarstjórn Húnaþings vestra skipaði á fundi sínum þann 12. janúar sl. um samþykktir og stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags.

Dagskrá:

1. Störf formanns frá síðasta fundi. Heimasíða.
2. Viðræður við KPMG.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Leó Örn Þorleifsson, oddviti setti fund. Fór hann yfir það sem búið er að gera frá síðasta fundi. Skýrði oddviti frá fundi sem hann og sveitarstjóri áttu með starfsmönnum Tm software ehf. um gerð heimasíðu fyrir sameinað sveitarfélag Húnaþings vestra og Bæjarhrepps. Lögð fram tillaga um að ganga til samninga við Tm software ehf. um gerð nýrrar heimasíðu fyrir Húnaþing vestra skv. framlögðum gögnum. Tillagan samþykkt samhljóða.
2. Oddviti kynnti viðræður sem hann átti við starfsmann KPMG ehf. Odd Jónsson um hugsanlega ráðgjöf við nefndina varðandi stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags Húnaþings vestra og Bæjarhrepps.
3. Farið yfir samþykktir um katta- og hundahald og reglur um námsmannaafslátt í leikskóla. Vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga um rekstur tónlistarskóla, þá samþykkir nefndin að fella niður reglur um styrki vegna tónlistarnáms. Næsti fundur nefndarinnar verður 2. apríl n.k. kl 12:00.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:00

Leó Örn Þorleifsson(sign.),
Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),

Stefán Böðvarsson(sign.),
Sigurður Kjartansson(sign.),
Ragnar S. Helgason(sign.).